

Mál nr. 375/2015**M
og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.****Ágreiningur um hvort drengur hafi fallið af hestbaki sökum þess að bílflauta var þeytt.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 6.10.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 22.10.2015, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 13. júní 2013 var M meðal barna á reiðnámskeiði á vegum fyrirtækisins A. Er M var á hestbaki ásamt öðru barni og tveimur leiðbeinendum á leið yfir Vífilstaðaveg við Hattarvelli fældist hesturinn og féll M af baki og varð fyrir meiðslum. Kváðu leiðbeinendurnir að þau hafi verið á fjórum hestum og hver hestur verið einsetinn. Er þau voru á leið yfir veginn hafi jeppabifreið, B með eftirvagn stöðvað við gangbraut sem þarna er, en þá hafi dökkgrárrí fólksbifreið verið ekið fram úr jeppabifreiðinni á mikilli ferð og ökumaður þeirrar bifreiðar þeytt bílflautuna. Við þetta fældust hrossin, sem annars eiga að vera vel tamin og væn, og börnin duttu af baki.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið eftir Vífilstaðavegi og numið staðar til að hleypa börnunum og leiðbeinendum þeirra yfir veginn. Hann kvað hestana hafa verið mjög rólega og verið að bíta gras við vegöxlina. Hafi hann þá séð í baksýnispeglí gráa bifreið nálgast mjög hratt, líklega á 80-90 km hraða á klst. Í þann mund sem fyrsti hesturinn hafi verið að ganga inn á veginn hafi þessari gráu bifreið verið ekið fram úr B á mikilli ferð og hefði hann því sjálfur flautað bílflautunni í um 1-2 sekúndur til að vara ökumann hennar við hættunni. Hann kvað gráu bifreiðinni hafa verið ekið áfram áleiðis í Kópavog, en hann hafi beðið meðan hestarnir fóru yfir veginn. Þeir hafi virst rólegir og þegar þeir voru komnir yfir veginn hafi hann ekið af stað. Hann kvaðst ekki hafa séð hestana fælast eða börnin detta af baki.

Við nánari rannsókn lögreglu á tildrögum slyssins var rætt að nýju við annan fyrrgreindra leiðbeinenda sem voru með börnunum. Staðfesti hann að börnin hefðu fallið af baki eftir að hafa farið yfir veginn og gengið í um 20 sekúndur.

Þess hefur verið krafist að líkamstjón sem M varð fyrir verði bætt úr ábyrgðartryggingu B hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Eins og mál þetta liggur fyrir verður að telja nægilega í ljós leitt að hestur sá er M var á fældist ekki fyrr en hestarnir voru komnir yfir veginn og gengið síðan í um 20 sekúndur. Þá var nokkur tími liðinn síðan ökumaður B hafði þeytt bílflautuna. Að öllu athuguðu verður að telja ósannað að það verði rakið til bílflautunnar að hesturinn, sem M sat, fældist. Þegar af þeirri ástæðu telst líkamstjón M ekki bótaskyld úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Í úrskurði þessum er ekki tekið til umfjöllunar hvort A eða ábyrgðartryggjandi hans kunni að bera ábyrgð á líkamstjóni M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum út ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík, 10. nóvember 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.